



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 13. ágúst 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 21:00

**Fundinn sátu:** Árni Árkelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓÁ)

### Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda bornar fram til samþykktar.

Fundargerðir samþykktar eftir nokkrar leiðréttingar.

2. Endurgreiðsla Sumarnámskeiða

Komið hafa upp tilvik þar sem foreldrar hafa óskað eftir endurgreiðslu sumarnámskeiðs. Í sumum tilfellum hefur barn hætt eftir fyrsta eða annan dag af margvíslegum ástæðum. Stjórnin félst ekki á að verða við þessum óskum. Skýrt er tekið fram áður en greitt er fyrir námskeið að þau fáist ekki endurgreidd.

3. Kayak kaup

Þyt stendur til boða að kaupa vel með farinn Capella kayak á 90.000 krónur. Samþykkt samhljóða.

4. Sumarfagnaður Þyts

Á ís vegna COVID

5. Ábendingarformin

Engar ábendingar bárust.

6. Viðhald á húsi

Bærinn gerir ráð fyrir að verja um einni milljón krónum í viðhald á húsi og lóð. Gert er ráð fyrir að þessir fjármunir fari í viðgerð á girðingu, viðgerð á riðskemmdum á húsklæðningu, uppsetningu ásamt kaupum mótorum á stóru hurðirnar, spenna gorma á hurð við gaflinn, skipt verði um glerrúðu á kaffistofu sem er með móðu og sprungna rúðu uppi í veislusal. Klára þarf viðhaldsáætlun fyrir næsta ár.

7. Önnur mál

Rusl. Tilboð Terra of dýrt. Möguleg lausn á næsta ári er að iðkendur fari með rusl með sér heim. Taka fyrir á 6. bekkjarkynningu næsta vor.

Segl. Formanni falið að fá tilboð í fjögur 4.7 lasersegl, fjögur radial lasersegl og þrjú standard lasersegl.

Seyðisfjörður. Þytur er tilbúinn að aðstoða við stofnum siglingaklúbbs á Seiðisfyrði sé áhugi fyrir hendi.

Afreksstefna SÍL. Núverandi stefna nær til 2020. Stjórn þarf að ræða uppfærslu á henni og vera meðvituð um hana í daglegu starfi félagsins.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Næsti stjórnarfundur boðaður 2. September klukkan 21:00

Fundi slitið klukkan 21:55